

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1.000

Dagsetning: 17. október klukkan 9:00

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Sigurborg Jónsdóttir og Brjann Jónasson (sat fundinn undir liðum 4-14), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Helgi Þorsteinsson, sem tekur við stöðu framkvæmdastjórar sviðs rekstrar og fjármála þann 16. nóvember, kom á fundinn undir lið 1.

Efni fundarins

1. Ráðning nýrra framkvæmdastjóra

Helgi Þorsteinsson, sem tekur við stöðu framkvæmdastjórar sviðs rekstrar og fjármála fljótlega, kom á fundinn og ræddi stuttlega við fulltrúa í framkvæmdastjórn. Forstjóri kynnti fyrir framkvæmdastjórn að ráðning framkvæmdastjóra lækninga sé á lokametrunum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðslu fundargerðar framkvæmdastjórnar HH frá 10. október frestað.

3. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

4. Heilsugæslan Efstaleiti

Umræður um erfitt ástand hjá Heilsugæslunni Efstaleiti, hvernig hefur gengið að takast á við þær frá síðasta framkvæmdastjórnarfundi og hvað þurfi að gera fleira.

5. Erindi frá Hafnarfjarðarbæ

Erindi barst frá Hafnarfjarðarbæ um áhuga á að reisa þriðju heilsugæslustöðina í bænum. Óskað verður eftir fundi með forsvarsmönnum bæjarins um uppbyggingu heilsugæsluþjónustu í bænum.

6. Samstarf við Reykjavíkurborg

Ekki hafa borist svör frá borginni varðandi erindi til sviðsstjóra velferðarsviðs. Málið verður tekið upp á fundi í heilbrigðisráðuneytinu.

7. Erindi frá Landssambandi heilbrigðisstofnana

Stjórn LH hefur óskað eftir greinargerð frá aðildarfélögum varðandi 4. gr. samþykktu sambandsins. Framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar falið að svara erindinu.

8. Auglýsingamál

Samskiptastjóri kynnir kostnaðaráætlun fyrir viðbót við Heima er pest auglýsingaherferðina tengt covid. Framkvæmdastjórn fól framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar að hafa samband við samstarfsaðila og fá samþykki fyrir kostnaði við bæði hönnun og birtingar.

9. Starfsdagur framkvæmdastjórnar

Umræður um starfsdag framkvæmdastjórnar og hvernig hægt er að halda áfram umræðum. Tveir nýir framkvæmdastjórar eru að koma til starfa og rætt að leyfa þeim að komast inn í störfín áður en skoðað verður hvort breyta þurfi skipulagi HH.

10. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

11. Kvennavekfall 24. október

Rætt um fyrirhugað kvennavekfall 24. október. Skilaboðum hefur verið komið til starfsfólks og má búast við að fjöldi kvenna hjá HH taki þátt. Tryggja verður að bráðapjónustu verði sinnt á heilsugæslustöðvum.

Önnur mál

12. Upplýsingatækni

Upplýst hefur verið að heilsutæknihluta Origo verður skipt upp og stendur til að selja þann hluta.

13. Samningamál

Samið hefur verið við Krabbameinsfélagið um ráðgjafa. Keyptur hefur verið sendibíll og unnið að samningum um aðra bíla.

14. Fjármögnun

Fundað var í Heilbrigðisráðuneytinu um ýmis mál tengd fjármögnun. Tillögur HH að breytingum að gjaldskrá fyrir vottorð voru lögð fram. Einnig hefur verið rætt um aukinn kostnað vegna húsnæðismála. Þá var rætt um ófjármögnuð verkefni á borð við Samhæfingarstöð krabbameinsskimana.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:05